

Kröfugerð SGS

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði sem renna út 1. nóvember 2022

Kröfugerð Starfsgreinasambands Íslands byggir á grunni kjarasamnings SGS og SA sem tók gildi 1. apríl 2019. Kröfugerðin byggir á kröfugerðum 17 af aðildarfélögum SGS, sem samþykktar voru á félagslegum vettvangi eftir vandaða vinnu einstakra félaga. Lögð er áhersla á áframhaldandi hækkun lægstu launa og að tryggja kaupmátt launafólks. Krónutöluhækkunar á laun, eins og samið var um í núgildandi kjarasamningi, skila launafólki mestum árangri og er það krafa SGS að samið verði um krónutöluhækkunar á kaupmátt í komandi kjarasamningum.

Við gerð síðustu kjarasamninga var horft til þess að samningarnir leiddu af sér lækkun vaxta. Seðlabankinn hefur nú í þriggja hækkað stýrivexti og Landsbankinn spáir því að þeir verði komnir í 4,25% árið 2023, eða á sama stað og þeir voru við gerð Lífskjarasamningsins vorið 2019. SGS mun ekki una því að vaxandi verðbólgu vegna aðgerðaleyfis stjórnvalda í húsnæðismálum, og erlendra hækkana verða sett á herðar okkar félagsmanna.

Samtök launafólks sömdu um það í síðustu samningum að auka ráðstöfunartekjur launafólks með heildstæðum hætti, með krónutöluhækkunum, vaxtalækkunum og aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Aðstæður þær sem nú eru í samfélaginu og efnahagsumhverfinu kalla á svipaða aðferðafræði og víðtækt samstarf og samráð til að bregðast við miklum vanda á húsnæðismarkaði, tryggja kaupmátt og öfluga grunnþjónustu um land allt.

Nú eru uppi þær aðstæður í samfélaginu að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum mun skipta miklu máli við gerð þeirra. Stóraukin verðbólga, miklar verðhækkunar og mikill vandi á húsnæðismarkaði kalla á að stjórnvöld og SA taki höndum saman við samtök launafólks til að tryggja kaupmátt, húsnæði fyrir alla og öfluga grunnþjónustu um land allt.

Tímalengd samningsins mun ráðist af þeim aðstæðum sem verða í efnahagslífi í haust og innihaldi samningsins.

Launabreytingar

- Samið verði um krónutöluhækkanir sem almennar hækkanir.
- Launataflan verði endurskoðuð frá grunni. Fjöldi þrepa verði aukin og við bætist starfshæfniprep sem miðast við eins árs, 3ja, 5, 7 og 10 ára starfsaldur.
- Tryggt verði að bónusar, akkorð og aðrir launatengdir liðir fylgi almennum taxtahækkunum.
- Samið verði um hagvaxtarauka með sama eða sambærilegum hætti og er í núgildandi samningi.
- Ákvæði um byrjunarlaun og þjálfunartíma í grein 1.1.2 verði afnumin en hlutföll á byrjunarlaunum 16 og 17 ára verði endurskoðuð með tilliti til EES-samþykktar.
- Baráttudagur verkalýðsins 1. maí verði skilgreindur sem stórhátíðardagur.
- Lágmarkslaun fyrir fullt starf í lok samningstíma ráðist af lengd samningsins.
- Hækka lágmarksbónus sérstaklega í fiskvinnslu (700 kr. á tímann).
- Ef ekki eru haldin starfstengt námskeið t.d. innan fiskvinnslunnar, innan skilgreinds tíma þá fái viðkomandi starfsmenn umsamdar launaflokkahækkanir eins og talað er um í kjarasamningi aðila.
- Endurskoða vaktaálög til hækkunar (45% og 55%) í veitingahúsasamningi.

Vinnutími

- Vinnutímastytting verði með svipuðum hætti á almenna og opinbera markaðnum að lágmarki 13 mínútur án nokkurra breytinga á kaffitímum eða öðrum neysluhléum.
- 80% vaktavinna verði metin til 100% grunnlauna.
- Endurskoða vaktakafli í almenna samningum og í Veitingahúsasamningnum.
- Við frágang samnings verði settir inn skýringarkassar í meiri mæli og reynt að hafa framsetningu einstakra atriða einfalda og skýra.
- Aðfangadagur og gamlársgangur verði að fullu rauðir dagar.

Menntun og fræðsla

- Samið verði um hærri framlög í fræðslusjóðina og þau verði sambærilegum hætti og hjá okkar sjóðum á opinberum markaði... Greiðslur fyrirtækja til Landsmenntar eru mun lægri en greiðslur ríkis og sveitarfélaga til sambærilegra sjóða.
- Tryggt verði að atvinnurekendur greiði laun við símenntun bílstjóra, séu námskeiðin utan dagvinnutíma ber að greiða yfirvinnu.
- Þekking, hæfni og starfsaldur verði metin í meira mæli til launa. Mikilvægt að er ljúka vinnu við nýtt launakerfi sem gerð var bókun og samkomulag í síðustu kjarasamningum. Mikilvægt er að starfsfólk njóti tækibreytinga og framleiðsluaukningar.

Aðbúnaður og heilsa

- Allur veikindaréttur verði greiddur með staðgengislaunum.
- Aukin veikindaréttur vegna veikinda barna.
- Aðstandendum verði auðvelduð umönnun náinna skyldmenna, til dæmis með rýmri heimildum til að nýta sér eigin veikindarétt og greiðslum úr almannatryggingakerfinu.
- Vinnueftirlit og vinnuvernd verði eftl.
- Öll áunnin persónubundin réttindi haldi sér á milli vinnustaða og starfsgreina.

- Atvinnurekendur sinni betur heilsu og nauðsynlegri hreyfingu fyrir starfsfólk t.d. með skipulagðri hreyfingu á vinnutíma, styrkjum og leiðbeiningum.
- Skýra ákvæði um talningu veitingadaga og vegna veikinda barna.

Orlof

- Lágmarksorlofsréttur á almennum markaði verði 30 dagar.
- Sami orlofsréttur verði fyrir alla 13.04%.

Lífeyrismál

- Atvinnurekendur greiða 2% í séreignarlífeyrissjóð óháð því hvort launamaður greiðir í séreignarsjóð.
- Nýjar lífslíkutöflur hafa verið gefnar út fyrir lífeyrissjóði. Erfiðisvinnufólk lifir, að jafnaði, skemur en aðrir hópar og þarf að endurskoða hvenær það hefur töku lífeyris. Jafnframt þarf að ráðast í heildarkönnun á þessari stöðu hjá öllum lífeyrissjóðum.
- Atvinnurekendur tryggja að móttframlag þeirra í lífeyrissjóð skili sér í hækkun launa til starfsfólks 70 ára og eldra eða verði ráðstafað á annan þann hátt sem er í samræmi við vilja þess enda greiðir starfsfólk á þeim aldri ekki lengur iðgjald í lífeyrissjóð.

Aðrar kröfur

- Vinnutaktur og aðbúnaður starfsfólks í tímamældri ákvæðisvinnu verði tekinn til endurskoðunar m.a. á grundvelli afstöðu Vinnueftirlits ríkisins.
- Samið verði um að atvinnurekendur geti ekki vísað í tómlæti fyrir dómstólum hvað varðar ákvæði í aðalkjarasamningi.
- Samið verði um sektarákvæði vegna brota á ákvæðum kjarasamnings.
- Samræma við LÍV um leigu húsnæðis í tengslum við ráðningarsamning með það að markmiði að tryggja starfsfólki öruggt húsnæði og að ávallt komi sanngjarnt endurgjald fyrir leiguhúsnæði.
- Kjörtímabil trúnaðarmanna verði lengt úr tveimur árum í fjögur ár.
- Endurskoða ákvæði varðandi uppsagnarréttindi svo að réttindaávinnsla verði hraðari.
- Endurskoða það fyrirkomulag að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði laun í hráefniskorti.
- Sérákvæði hvers félags verði framlengd.

Starfsgreinasambandið áskilur sér rétt til að kynna frekari kröfur í einstökum starfsgreinum eða köflum kjarasamningsins og bregðast við þeim breytingum sem kunna að verða á umhverfi efnahagsmála eða öðrum aðstæðum.